

Fundur 3.4.2023 John Green flugmaður dó 1943.

Góða kvöldið, og komið þið sælir.

*Góða kvöldið, vertu velkominn, blessaður.*

Lengi hef ég reynt að ná sambandi við ykkur og margir hafa reynt að þagga niður sögu mína og er mér mikið í mun að koma þessu til skila áður en hindrun mætir mér sem gerir sambandið erfiðara.

Hef ég verið lengi undirbúinn fyrir þetta samband við ykkur, þar sem æðri öfl frá lífstefnu mannkynjunum eru að reyna að halda í burtu kristnum áhrifum og hleypa að góðum kærleiks áhrifum og jafnvel Kristur þar til aðstoðar en ekki allir á þeirra aflsvæði, ekki Jahve og höldum því fjarri.

En ég hef mikið fylgst með atburðum á ykkar jörð að undanfögnu og hef ég verið mjög ákafur að komast í sambandið, en erfitt er að koma þessu til skila.

Enn þá finnum við fyrir truflandi áhrifum. Ég er menntaður sem flugmaður og féll ég 1943 í seinna stríði, og hef ég lært ýmis konar tækja stjórnum.

Og hef ég aldrei kynnst öðrum eins hæfileika manni og Bobby Fisher, er mér það sérstakt frásagnar efni að segja frá því hvernig við tókum þátt í þessum ferðum, sem höfðu aðrar afleiðingar en við áttum von á.

Og eru menn sammála um það að hann var óvenju fljótur að taka ákvarðanir og sannur leiðtogi fæddur sem gat notað sér gögn sem fyrir voru og skipulagt hlutina óvenju vel og þurfti að taka skjótar ákvarðanir.

Og höfum við ekki verið fær um að ná honum frá þeim hnetti þar sem hann er nú staddur og okkar síðustu fregnir herma að Hof það sem hann talaði frá síðast, séu óvinveitt öfl á þeim hnetti búin að eyðileggja.

En hefur hann fundið annan stað þar sem hann getur talað til okkar, og höfum við reynt að senda honum orku og viljum við biðja ykkur þess sama.

Og verður það mikið fyrirtæki að reyna að bjarga honum frá þeim hnetti og reynum að stefna að því eins fljótt og hægt er.

*Við verðum að reyna það.*

Já,

*Er þetta ekki áhrif frá Jahve?*

Jú, já já, ég, eins og ég segi, þá eru mikil átök um þetta og hefur þeim tekist að koma á góðum stilli áhrifum hjá ykkur í kvöld, en eru svo truflandi áhrif að ég get ekki haft sambandið mikið lengra, en vil ég gjarnan segja nafn mitt.

Ég er af Sígauna ættum og er það þó lengra aftur í ættir, telst Breskur, John Green.

Flugmaður, og við erum hér margir og mörg sem erum í sérstöku teymi að reyna að bjarga Fisher og vinna gegn þeim öflum sem reyna að ógilda árangur þann sem náðist.

Því miður verð ég að koma síðar, orkan dvínar en er það dýrmætt að geta komið þessu í gegn og reynum við að halda áfram síðar, verið þið sælir.

*Þakka þér fyrir, vertu blessaður og takk fyrir að koma.*